



# Frá dómsmálaráðuneytinu: Sektor í meinyrðamálum verði innheimtar. Engin undantekning gerð með ritstjóra Tímans.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Tíminn – Sektor – Dómsmálaráðuneytið – Meinyrðamál – Innheimtun – Morgunblaðið - 1951

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-11, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sektir í meiðyrðamálum verði innheimtar.  
Engin undantekning gerð með ritstjóra  
Tímans.

Svohljóðandi athugasemd barst blaðinu í gær frá dómsmálaráðuneytinu:

Í tilefni af grein, sem birtist í Tímanum í dag, undirrituð x sekta í meiðyrðamálum, í tilefni af innheimtu plus y, þar sem ræðir um innheimtu/sektar í meiðyrðamálinu: Gísli Jónsson gegn Þórarni Þórarinssyni, skal eftirfarandi tekið fram:

Dómsmálaráðherrar undanfarandi áratuga, fyrst dómsmálaráðherra Hermann Jónasson og síðar dómsmálaráðherra Einar Arnórsson og nú síðast núverandi dómsmálaráðherra, hafa gefið sýslumönnum og bæjarfógetum og ákadómaranum (áður lögreglustjóra) í Reykjavík, fyrirmæli um að fullnægja dómum í meiðyrðamálum, sem í öðrum dómum. Hefur viljað sækja í sama horf, að slælega gengi fullnusta þessara dóma, og ritaði því dómsmálaráðuneytið 26. janúar s.l. fyrirnefndum embættismönnum svohljóðandi bréf:

"Ráðuneytið hefir fyrir allmörgum árum lagt fyrir alla hlutabeigjandi embættismenn að fullnægja refsisdómum þeim, sem upp eru kveðnir vegna brota gegn ákvæðum hegningarlaga um ærumeiðingar.

Nú hefir ráðuneytið enn orðið þess vart, að ekki er gerður reki að fullnustu þessara dóma eins og annarra, og vill ráðuneytið því enn taka fram, að það leggur á það fyllstu áherzlu, að þessum dómum verði fullnægt með sama hætti og öðrum dómum.

Þetta tilkynnist yður hér með til eftirbreytni."

Í samræmi við þetta hafa svo dómur þeir, er upp hafa verið kveðnir í slíkum málum verið sendir ráðuneytinu frá hlutabeigjandi dómurum, langflestir frá borgardómaranum í Reykjavík, og hefir ráðuneytið á þessu ári sent sakadómaraembættinu til innheimtu a.m.k. 28 dóma í einkamálum, þar sem sektir hafa verið dæmdar fyrir meiðyrði, réttarsæktir og þess háttar. Voru hinir fyrstu þeirra dóma sendir með bréfi ráðuneytisins, dags. 31. janúar s.l., og hafa dómur þessir verið í málum gegn ýmsum mönnum, m.a. ritstjórum allra dagbláða bæjarins og Mánudagsbláðsins. Það er því einungis í samræmi við þann hátt, sem á hefir verið hafður nú að undanfögnu, og að engu leyti undantekning, er Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri, var nú fyrir skömmu krafinn um greiðslu á sjö hundruð og fimmtíu króna sekt fyrir brot gegn 234. og 235 gr. almennu hegningarlaganna og hefir að engu leyti verið höfð

önnur aðferð um hann í þessu efni, en aðra þá, sem á sama veg stendur á um.

Svo sem kunnugt er, ganga dómur vegna meiðyrða yfirleitt í einkamálum, en þar hafa aðilar 3ja mánaða frest til að ákveða, hvort þeir vilja áfrýja dómi í málum sínum, og síðan geta þeir lögum samkvæmt í sex mánuði fengið leyfi til áfrýjunar. Hefir verið hafður sá háttur á um fullnustu þessara dóma, að beðið hefir verið eftir því, hvort aðilar neyttu þess réttar síns, og dómum frá sama 2-3 mánaða tímabili, síðan verið safnað og þeir síðan sendir til fullnustu, er þetta tímabil var liðið, án þess að aðilar hefðu áfrýjað málum sínum til hæstaréttar.

Dómsmálaráðuneytið, 6. sept. 1951.